

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 15/2005

2005/EES/32/15

frá 8. febrúar 2005

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004 frá 9. desember 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu ⁽²⁾ var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004 frá 9. desember 2004 ásamt aðlögunarákvæðum.
- 3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1643/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1592/2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1701/2003 frá 24. september 2003 um aðlögun 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 104/2004 frá 22. janúar 2004 um setningu reglna um skipulag og samsetningu kærunefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 66n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002):

„, eins og henni var breytt með:

- **32003 R 1643**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1643/2003 frá 22. júlí 2003 (Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 7),
- **32003 R 1701**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1701/2003 frá 24. september 2003 (Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 5).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002):

„66o. **32004 R 0104**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 104/2004 frá 22. janúar 2004 um setningu reglna um skipulag og samsetningu kærunefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 20).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1643/2003, 1701/2003 og 104/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. febrúar 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða daginn sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004 frá 9. desember 2004 öðlast gildi, hvort sem síðar verður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 26.5.2005, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 5.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 20.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.